

Alþingi  
Erindi nr. P 135/976  
komudagur 20.12.2007  
35/976



Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2007  
HJ/SLB/026/07

**Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 50. mál**

Við er til bréfs, dags. 27. nóvember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Fyrst ber að nefna að núverandi lagagrein um maka- og umönnunarbætur er vandasöm í framkvæmd. Hinar sérstöku aðstæður sem getið er í 5. gr. laganna eru skv. reglum nr. 407/2002 umönnunarpörf elli- eða örorkulífeyrisþega og tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda (umönnunaraðila) eða lífeyrisþega. Ekki er skýrt nánar hversu alvarlegur sjúkdómur eða erfiðleikar þurfa að vera til staðar og ekki heldur hve mikil tekjuskerðing þarf að vera.

Framlagt frumvarp gerir ráð fyrir rýmkun heimilda á þann veg að falla frá því að skilyrða aðstoð við sérstakar aðstæður, þ.e. umönnunarpörf lífeyrisþega og tekjuskerðingu. Það myndi óneitanlega opna fyrir mikla túlkun og erfiðleika við að ákveða hvenær réttur til bóta sé fyrir hendi, t.d. hversu alvarleg veikindi falli undir viðmiðin, hversu mikil tekjuskerðing hafi átt sér stað og hvort önnur viðmið eigi að koma til skoðunar.

Almennt getur falist ákveðinn hagur í að rýmka heimildir til að greiða umönnunaraðila sem er ekki með lögheimili á sama stað. Skoða yrði þá sérstaklega hvað felst í því að vera nákominn lífeyrisþega og hvernig það væri skilgreint í framkvæmd.

Erfitt er að rökstyðja nauðsyn þess að samþætta 4. og 5. gr., ef markmiðið er einungis að hækka upphæð greiðslna og rýmka heimildir. Betra væri að halda sig við núverandi 5. gr. og gera nauðsynlegar breytingar á henni. Bent er á að 4. gr. laganna er um aðstoð til foreldra barna þar sem greiðslur byggjast m.a. á útlögðum kostnaði vegna meðferðar barns og samræmist þannig ekki útfærslu á greiðslum til nákomins aðila sem annast lífeyrisþega.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður Lillý Baldursdóttir  
starfandi forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins  
Laugavegi 114  
150 Reykjavík  
Sími: 560 4400  
Bréfsími: 560 4451  
tr.is